

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/43/EB frá 13. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 98/53/EB og tilskipun 2002/26/EB að því er varðar aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni aflatoxíns og okratoxíns A í matvælum fyrir ungbörn og smábörn ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/44/EB frá 13. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 2002/69/EB um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með díoxínum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/45/EB frá 16. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/47/EB frá 16. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 95/45/EB að því er varðar blönduð karótín (E 160 a (i)) og betakarótín (E 160 a (ii)) ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/357/EB frá 7. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar samþykkt skráar yfir bragðefni ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/46/EB frá 16. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 95/31/EB að því er varðar E 955, súkralósa, og E 962, aspartam- og asesúlfamsalt ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/59/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi brómprópýlatleifa sem þar eru sett ⁽⁸⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 24.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 28.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 114, 21.4.2004, bls. 15.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 30.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/43/EB, 2004/44/EB, 2004/45/EB, 2004/46/EB, 2004/47/EB og 2004/59/EB og ákvörðunar 2004/357/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2004

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 46a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB):
„- **32004 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/46/EB frá 16. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 114, 21.4.2004, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 46b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB):
„- **32004 L 0047**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/47/EB frá 16. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 24).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„- **32004 L 0059**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/59/EB frá 23. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 30).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54s (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB):
„- **32004 L 0043**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/43/EB frá 13. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 14).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):
„- **32004 D 0357**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/357/EB frá 7. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 28).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB):
„- **32004 L 0045**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/45/EB frá 16. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 19).“
7. Eftirfarandi bætist við í lið 54zx (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB):
„, eins og henni var breytt með:
- **32004 L 0043**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/43/EB frá 13. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 14).“
8. Eftirfarandi bætist við í lið 54zxc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB):
„, eins og henni var breytt með:
- **32004 L 0044**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/44/EB frá 13. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 17).“